

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2020/2146****2022/EES/18/35****frá 24. september 2020****um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848 að því er varðar sérstakar
framleiðslureglur við lífræna framleiðslu (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848 frá 30. maí 2018 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænt ræktaðra vara og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007 ⁽¹⁾, einkum b- og c-lið 1. mgr.22. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í III. kafla reglugerðar (ESB) 2018/848 er mælt fyrir um almennar reglur um framleiðslu á lífrænt ræktaðum vörum.
- 2) Tilteknir atburðir, s.s. veðurhamfarir eða mjög útbreiddir dýra- eða plöntusjúkdómar, geta haft alvarleg áhrif á lífræna framleiðslu á búum eða í framleiðslueiningum sem verða fyrir áhrifum í Sambandinu Til að gera lífrænni framleiðslu kleift að halda áfram eða hefjast aftur er í reglugerð (ESB) 2018/848 kveðið á um samþykkt sérstakra framleiðslureglna, að því tilskildu að þær takmarkist við aðstæður sem teljast vera hamfarir í Sambandinu, að teknu tilliti til breytinga á vistfræðilegu jafnvægi, loftslagsskilyrðum og staðbundnum skilyrðum á ystu svæðum Sambandsins.
- 3) Með hliðsjón af margs konar tilvikum og aðstæðum sem geta komið upp í aðildarríkjunum og í ljósi skorts á reynslu af beitingu 22. gr. reglugerðar (ESB) 2018/848 er ekki mögulegt á þessu stigi að fastsetja almennar viðmiðarnir á vettvangi Sambandsins til að ákvarða hvort aðstæður geti talist vera hamfarir. Þó er rétt að kveða á um að aðildarríki þar sem slíkar aðstæður koma upp ætti að gefa út formlega ákvörðun þar sem aðstæðurnar eru viðurkenndar sem hamfarir. Gefa ætti þessa formlegu ákvörðun út annaðhvort fyrir heilt svæði eða fyrir stakan rekstraraðila.
- 4) Nauðsynlegt er að takmarka notkun sérstakra framleiðslureglna í Sambandinu við það sem er strangt til tekið nauðsynlegt til að lífræn framleiðsla geti haldið áfram eða hafist á ný. Undanþágurnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, ættu því að vera tímabundnar og einungis veittar fyrir þær tegundir framleiðslu sem verða fyrir áhrifum eða, ef við á, landspildur og fyrir alla viðkomandi rekstraraðila á hlutaðeigandi svæði eða einstakan rekstraraðila sem fellur undir formlegu ákvörðunina.
- 5) Nauðsynlegt er að mæla fyrir um sérstakar framleiðslureglur í þessari reglugerð sem beita má ef um er að ræða hamfarir fyrir plöntu-, búfjár-, lagareldis- og vínframleiðslu að því er varðar undanþágur og skilyrðin fyrir þeim.
- 6) Ef rekstraraðilar, sem verða fyrir áhrifum af hamförum, geta ekki fengið aðgang að lífrænt ræktaðu plöntufjölgunarefni eða plöntufjölgunarefni í aðlögun til lífrænnar framleiðslu á plöntum og plöntuafurðum, öðrum en plöntufjölgunarefni, er nauðsynlegt að kveða á um þann möguleika, með tilteknum skilyrðum, fyrir rekstraraðila að nota plöntufjölgunarefni sem er ekki úr lífrænni ræktun.
- 7) Ef um er að ræða að mörg dýr drepast, þ.m.t. býflugur eða önnur skordýr, á búi eða í framleiðslueiningu og rekstraraðilar geta ekki fengið aðgang að lífrænt öldum dýrum, býflugum eða öðrum skordýrum til að endurnýja eða byggja upp aftur hjörð sina eða hóp er nauðsynlegt að kveða á um þann möguleika, með tilteknum skilyrðum, fyrir rekstraraðila að nota dýr sem eru ekki lífrænt alin.
- 8) Þar eð tilteknar veðurhamfarir, s.s. alvarlegir þurrkar eða flóð, geta dregið verulega úr tiltækileika lífrænt ræktaðs fódurs eða fódurs í aðlögun er nauðsynlegt að kveða á um þann möguleika fyrir rekstraraðila, sem verða fyrir áhrifum, að fódra búfé á fódri sem er ekki lífrænt ræktað.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 428, 18.12.2020, bls. 5. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 34/2022 frá 4. febrúar 2022 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 150, 14.6.2018, bls. 1

- 9) Þar eð tilteknir atburðir, s.s. jarðskjálftar eða flóð, geta að hluta til eyðilagð beitolönd eða gripahús á búi eða í framleiðslueiningu er nauðsynlegt að kveða á um þann möguleika fyrir rekstraraðila, sem verða fyrir áhrifum, að fá undanþágu frá þeirri skyldu að setja búfé á beit eða að fara eftir hámarksþéttleika dýra í gripahúsum og lágmarksyfirborðsflötum inni- og útisvæða eins og mælt er fyrir um í framkvæmdargerð sem var samþykkt skv. 3. mgr. 14. gr. reglugerðar (ESB) 2018/848.
- 10) Þar eð tilteknar veðurhamfarir, s.s. alvarlegir þurrkar eða flóð, geta dregið verulega úr tiltækileika lífræns ræktaðs gróffóðurs, nýs eða þurrkaðs fóðurs eða votfóðurs er nauðsynlegt að kveða á um þann möguleika að rekstraraðilar, sem verða fyrir áhrifum, minnki hundraðshluta þurrefnis í daglegum skömmtum fyrir nautgripi, sauðfé, geitur og dýr af hestaett, að því tilskildu að næringarþarfir dýranna á mismunandi þroskaskeiðum séu uppfylltar.
- 11) Þar eð tilteknir atburðir, aðrir en loftslagsskilyrði, s.s. eldar eða jarðskjálftar, geta dregið verulega úr tiltækileika hunangslagar og frjókorna fyrir býflugur er nauðsynlegt að kveða á um þann möguleika að fódra býflugnasambú á lífrænt framleiddu hunangi, lífrænt framleiddum frjókornum, lífrænt framleiddu sykursýrópi eða lífrænt framleiddum sykri ef afkomu sambúsins er stefnt í hættu.
- 12) Þar eð tilteknir atburðir, s.s. erfið loftslagsskilyrði, eldar eða jarðskjálftar, geta dregið verulega úr hunangslagar- og frjókornagjöfum á tilteknum svæðum er nauðsynlegt að kveða á um þann möguleika að rekstraraðilar, sem verða fyrir áhrifum, færi býflugnasambú yfir á svæði sem eru e.t.v. ekki einkum með plöntur sem eru lífrænt ræktaðar eða sjálfsprottinn gróður eða skóg með skógvörslu sem er ekki lífræn eða plöntur sem aðeins eru meðhöndlaðar með aðferðum sem hafa lítill umhverfisáhrif ef afkomu sambúsins er stefnt í hættu.
- 13) Ef um er að ræða að mörg lagareldisdýr drepast á búi eða í framleiðslueiningu og rekstraraðilar geta ekki fengið aðgang að lífrænt öldum lagareldisdýrum til að endurnýja eða byggja upp aftur stofn sinn er nauðsynlegt að kveða á um þann möguleika, með sérstökum skilyrðum, að þessir rekstraraðilar noti lagareldisdýr sem eru ekki lífrænt alin.
- 14) Ef tilteknar hamfarir hafa neikvæð áhrif á heilbrigðisstöðu lífrænt ræktaðra vínþrúgna er nauðsynlegt að kveða á um þann möguleika að vínframleiðendur, sem verða fyrir áhrifum, noti meira brennisteinsdíoxíð en hámarks magnið sem mælt er fyrir um í framkvæmdargerð sem samþykkt var skv. 9. mgr. 24. gr. reglugerðar (ESB) 2018/848 en í öllum tilvikum ekki meira en hámarks magnið sem sett er fram í B-hluta I. viðauka við framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/934 ⁽²⁾ til að fá sambærilega lokaafurð.
- 15) Í þágu gagnsæis og eftirlits er nauðsynlegt að upplýsingum um veittar undanþágur sé deilt á samræmdan hátt milli aðildarríkja og framkvæmdastjórnarinnar í gegnum tölvukerfi.
- 16) Nauðsynlegt er að tryggja að rekstraraðilar sem hafa fengið undanþágur uppfylli skilyrðin fyrir undanþágunum sem veittar voru. Að því er varðar eftirlit ættu rekstraraðilar halda til haga skjalfestri sönnun fyrir því að þeim hafi verið veittar tilteknar undanþágur varðandi starfsemi þeirra og að þeir uppfylli skilyrðin þeim tengd.
- 17) Til glöggvunar og í þágu réttarvissu ætti þessi reglugerð að gilda frá þeim degi sem reglugerð (ESB) 2018/848 kemur til framkvæmda.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðurkenning á hamförum

1. Til þess að aðstæður teljist vera hamfarir sem stafa af óhagstæðum veðuratburði, dýrasjúkdómum, umhverfisatviki, náttúruhamförum eða stóráfalli, ásamt öðrum samanburðarhæfum aðstæðum, að því er varðar sérstöku framleiðslureglurnar sem um getur í 1. mgr. 22. gr. reglugerðar (ESB) 2018/848, skulu aðstæðurnar viðurkenndar sem hamfarir með formlegri ákvörðun sem aðildarríkið, þar sem aðstæðurnar koma upp, gefur út.

⁽²⁾ Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/934 frá 12. mars 2019 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 að því er varðar vínræktarsvæði þar sem auka má alkóhólstyrkleikann, leyfilegar vínfræðilegar vinnsluáferðir og takmarkanir sem eiga við um framleiðslu og varðveislu vínræktarafurða, lágmarkshlutfall alkóhóls í aukaafurðum og ráðstöfun þeirra og birtingu skráa Alþjóðavínstofnunarinnar (Stj. ESB L 149, 7.6.2019, bls. 1).

2. Með hliðsjón af því hvort hamfarirnar hafa áhrif á sérstakt svæði eða einstakan rekstraraðila skal formlega ákvörðunin, sem gefin er út skv. 1. mgr., vísa til viðkomandi svæðis eða rekstraraðila.

2. gr.

Skilyrði fyrir undanþágum

1. Í kjölfar formlegu ákvörðunarinnar sem um getur í 1. gr. er lögbærum yfirvöldum heimilt, eftir að hafa sanngreint rekstraraðila sem verða fyrir áhrifum á viðkomandi svæði eða að beiðni viðkomandi rekstraraðila, að veita viðeigandi undanþágur sem settar eru fram í 3. gr. og setja skilyrði sem tengjast þessum undanþágum, að því tilskildu að þessar undanþágur og skilyrði gildi:

- a) í takmarkaðan tíma og ekki lengur en nauðsyn krefur til að halda áfram með eða hefja aftur lífræna framleiðslu, eins og hún fór fram fyrir þann dag þegar þessar undanþágur komu til framkvæmda, og aldrei lengur en í 12 mánuði,
- b) í tengslum við tegundir framleiðslu sem hafa sérstaklega orðið fyrir áhrifum eða, ef við á, landspildur og
- c) um alla rekstraraðila lífrænnar framleiðslu sem hafa orðið fyrir áhrifum á viðkomandi svæði eða eingöngu um einstakan rekstraraðila sem á í hlut, eftir því sem við á.

2. Beiting undanþáganna, sem um getur í 1. mgr., skal ekki hafa áhrif á gildi vottorðanna sem um getur í 35. gr. reglugerðar (ESB) 2018/848 á tímabilinu sem undanþágurnar eru í gildi, að því tilskildu að viðkomandi rekstraraðili eða rekstraraðilar uppfylli skilyrðin fyrir veitingu undanþáganna.

3. gr.

Sérstakar undanþágur frá reglugerð (ESB) 2018/848

1. Heimilt er að nota plöntufjölgunarefni sem er ekki úr lífrænni ræktun til framleiðslu á plöntum og plöntuafurðum, öðrum en plöntufjölgunarefni, þrátt fyrir lið 1.8.1 í I. hluta II. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/848, ef notkun á lífrænt ræktuðu plöntufjölgunarefni eða plöntufjölgunarefni í aðlögun er ekki möguleg, að því tilskildu að lið 1.8.5.3 í I. hluta í þeim viðauka og, eftir því sem við á, kröfunum sem settar eru fram í lið 1.7 í I. hluta í þeim viðauka hafi verið fylgt.

2. Heimilt er að endurnýja eða byggja upp aftur hjörð eða hóp með dýrum sem eru ekki lífrænt alin, þrátt fyrir lið 1.3.1 í II. hluta II. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/848, í tilvikum þar sem mörg dýr drepast og ef lífrænt alin dýr eru ekki tiltæk, að því tilskildu að viðeigandi aðlögunartíma sem tilgreindur er í lið 1.2.2 í II. hluta þess II. viðauka hafi verið fylgt.

Fyrsta undirgrein skal, að breyttu breytanda, gilda um framleiðslu á býflugum og öðrum skordýrum.

3. Þrátt fyrir b-lið í lið 1.4.1 í II. hluta II. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/848 má fódra búfé á fódri sem er ekki lífrænt ræktað í stað lífræns ræktaðs fódurs eða fódurs í aðlögun ef fódurframleiðsla misferst eða ef takmarkanir eru settar á.

4. Þrátt fyrir liði 1.4.2.1, 1.6.3. og 1.6.2 í II. hluta II. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/848 er heimilt, ef framleiðslueining búfjár verður fyrir áhrifum, að aðlaga beit á landi fyrir lífræna ræktun, þéttleika dýra í gripahúsum og lágmarksyfirborðsflöt inni- og útisvæða eins og mælt er fyrir um í framkvæmdargerð sem var samþykkt skv. 3. mgr. 14. gr. þeirrar reglugerðar.

5. Þrátt fyrir f-lið í lið 1.9.1.1 í II. hluta II. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/848 er heimilt, ef fódurframleiðsla misferst eða ef takmarkanir eru settar á, að minnka hundraðshluta þurrefnis sem samanstendur af gróffóðri, nýju eða þurrkuðu fódri eða votfóðri í daglegum skömmtum, að því tilskildu að næringarþarfir dýranna á mismunandi þroskaskeiðum séu uppfylltar.

6. Þrátt fyrir b-lið í lið 1.9.6.2 í II. hluta II. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/848 er heimilt að fódra býflugnasambú á lífrænt framleiddum hunangi, lífrænt framleiddum frjókornum, lífrænt framleiddum sykursírópi eða lífrænt framleiddum sykri ef afkomu sambúsins er stefnt í hættu af öðrum ástæðum en vegna loftslagsskilyrða.

7. Þrátt fyrir a- og c-lið í lið 1.9.6.5 í II. hluta II. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/848 er heimilt að færa býflugnasambú yfir á svæði sem uppfylla ekki ákvæði um staðsetningu býgarðanna ef afkomu sambúsins er stefnt í hættu.

8. Þrátt fyrir a-lið í lið 3.1.2.1 í III. hluta II. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/848 er heimilt að endurnýja eða byggja upp aftur lagareldisstofn með lagareldisdýrum sem eru ekki lífrænt alin ef um er að ræða að mörg lagareldisdýr drepast og ef lífrænt alin dýr eru ekki tiltæk, að því tilskildu að reglum um lífræna stjórnun sé fylgt á seinni tveimur þriðju hlutum framleiðsluferlisins.

9. Þrátt fyrir framkvæmdargerðina sem samþykkt var skv. 9. mgr. 24. gr. reglugerðar (ESB) 2018/848 og þar sem einkum voru fastsett skilyrði fyrir notkun vara og efna, sem eru leyfð í lífrænni framleiðslu, er heimilt að nota brennisteinsdíoxíð við framleiðslu á afurðum í víngeiranum, upp að því hámarksmagni sem sett er fram í B-hluta I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2019/934, ef vínframleiðandi sér sig knúinn til, vegna heilbrigðisstöðu lífrænt ræktaðra vínþrúgna, að nota meira brennisteinsdíoxíð en undanfarin ár til að fá sambærilega lokaafurð.

4. gr.

Vöktun og skýrslugjöf

1. Aðildarríkin skulu án tafar upplýsa framkvæmdastjórnina og önnur aðildarríki um undanþágur sem lögbær yfirvöld þeirra veita samkvæmt þessari reglugerð í gegnum tölvukerfi sem framkvæmdastjórnin gerir aðgengilegt og gerir það kleift að skiptast rafrænt á skjölum og upplýsingum.
2. Sérhver rekstraraðili, sem veittar undanþágur gilda um, skal halda til haga skjalfestri sönnun í tengslum við veittar undanþágur sem og skriflegum sönnunum fyrir notkun þessara undanþága á tímabilinu þegar þessar undanþágur eru í gildi.
3. Lögbær yfirvöld eða, eftir því sem við á, eftirlitsyfirvöld eða eftirlitsaðilar í aðildarríkjum skulu sannprófa að rekstraraðilar uppfylli skilyrðin fyrir veittu undanþágunum.

5. gr.

Gildistaka og framkvæmd

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. janúar 2022.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 24. september 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.